

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. september 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.45.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Karl Georg Klein, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Aðalsteinn Valdimarsson, Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson og Kristinn Arason.

Dagskrá:

1. Fundardagar ÍBH september 2019 – júní 2020

Stjórnarfundir ÍBH, 2. október miðvikudagur kl. 17.00, 6. nóvember miðvikudagur kl. 17.00, 22. nóvember föstudagur kl. 17.00 og jólahlaðborð ca. kl. 20.00, 8. janúar miðvikudagur kl. 17.00, 5. febrúar miðvikudagur kl. 17.00, 4. mars miðvikudagur kl. 17.00, 1. apríl miðvikudagur kl. 17.00 og 6. maí miðvikudagur kl. 17.00.

Formannafundur ÍSÍ föstudaginn 29. nóvember 2019. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar föstudaginn 27. desember kl. 18.00 Íþróttahúsinu við Strandgötu. Stjórn ÍBH ætlar síðan að ákveða dagsetningar á tvo fulltrúaráðsfundi í gegnum tölvupóstsamskipti.

2. Samþykktir Íþróttapings ÍSÍ 2019

Bréf frá ÍSÍ dagsett 3. júlí 2019 um samþykktir 74. Íþróttapings ÍSÍ, lagt fram til kynningar. Búið er að senda þinggerðina ásamt bréfinu á öll aðildarfélög ÍBH. ÍBH lagði tvær tillögur fyrir Íþróttapingið, þingskjal 16, ÍBH og ÍBR og þingskjal 24 ÍBH og hlutu þær eftirfarandi samþykktir:

Þingskjal 16

STUÐNINGUR RÍKIS VIÐ STARF ÍPRÓTTAHERAÐA

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 3.- 4. maí 2019, samþykkir að fela framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um eflingu starfs íþróttahéraða og gera samninga um fjármuni til þess.

Þingskjal 24

TILLAGA UM BREYTINGAR Á SKIPTINGU TEKNA FRÁ ÍSLENSKRI GETSPÁ

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að skipa nefnd í samstarfi við sambandsaðila og UMFÍ um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri getspá. Nefndin á að hafa lokið störfum fyrir 75. Íþróttaping ÍSÍ.

3. Skipan vinnuhóps um skiptingu tekna frá Íslenskri getspá

Bréf frá ÍSÍ dagsett 15. júlí 2019 lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipaði eftirfarandi vinnuhóp á fundi stjórnar 3. júlí sl., Lárus L. Blöndal ÍSÍ formaður, Gunnar Bragason ÍSÍ varaformaður, Hörður Oddfríðarson SSÍ, Elísabet Ólafsdóttir ÍBH og Guðmundur Sigurbergsson UMFÍ. Starfsmaður vinnuhópsins er Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ.

4. Aðildarumsókn að ÍBH

Blakfélag Hafnarfjarðar (áður blakdeild Hauka) ritaði Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar 22. maí sl. bréf, þar sem félagið óskar eftir aðild að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar. Stjórn ÍBH samþykkti inngöngu félagsins í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og ákvað að inntökugjald væri kr. 50.000.

5. Hækkun frístundastyrkjarins fyrir börn

Lagt fram til kynningar. Fræðsluráð samþykkti að hækka frístundastyrk hafnfirskra barna 6-18 ára úr 4000 kr. í 4.500 kr. á mánuði, á ári er frístundastyrkurinn 54.000 kr. og tekur hækkunin gildi 1. september 2019. Stjórn ÍBH fagnar þessari hækkun.

6. Þjóðarleikvangar – þarfir sérsambanda vegna æfinga og keppni

Lögð fram til kynningar samantekt ÍBH fyrir Hafnarfjörð. Samantektin send vinnuhóp á vegum ÍSÍ 23. ágúst sl. Vinnuhópurinn skilar skýrslu um málefnið á formannafundi ÍSÍ í nóvember nk.

7. Íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2019

Bréf frá ÍSÍ dagsett 22. ágúst sl. lagt fram til kynningar. Bréfinu hefur verið dreift til aðildarféлага ÍBH. ÍSÍ verður með kynningu á Íþróttaviku Evrópu í Laugardalnum 7. september nk. Félögunum er bent á að senda ÍSÍ upplýsingar ef þau ætla að vera með viðburði í vikunni svo ÍSÍ geti auglýst þá. Mörg félög eru t.d. með opnar æfingar í vikunni.

8. Verndarar barna námskeið fyrir íþróttafélögin

Bréf 15. ágúst sl. frá Barnaheill um námskeið Verndarar barna lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið sent á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að senda sitt fólk á námskeiðin.

9. Íþróttasjóður

Bréf dagsett 19. ágúst sl. frá ÍSÍ lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið sent á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um. Umsóknarfrestur er 1. október nk. Nánari upplýsingar um Íþróttasjóð er að finna á <https://www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/ithrottasjodur/>

10. Frístundaakstur Hafnarfjarðarbæjar næsta vetur

Lagt fram til kynningar efni frá Hafnarfjarðarbæ sem var kynnt á fundi með íþrótt- og tómstundafélögum 20. ágúst sl.

11. Sýnum karakter, vinnustofa og ráðstefna

Bréf frá ÍSÍ dagsett 22. ágúst sl. lagt fram til kynningar. Samþykkt að framkvæmdastjóri ÍBH sækji vinnustofu 3. og 4. október nk. kl. 9-16 báða daga í Laugardalshöll sem fjallar um keppni með tilgangi. Vinnustofan er fyrir starfsfólk í íþróttahreyfingunni. Ráðstefnan fer fram fyrir hádegi 5. október nk. og er opin fyrir alla en það þarf að skrá sig á hana á <https://umfi.felog.is/verslun>

12. Stjórnarskírteini ÍBH 2019-2021

Dreift til stjórnarmanna. Skírteinin veita stjórnarmönnum ÍBH m.a. ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum sem fara fram á bandalagssvæðinu 2019-2021.

13. Haustfjarnám í þjálfaramenntun ÍSÍ 2019

Bréf frá ÍSÍ dagsett 2. september sl. lagt fram til kynningar. Búið að senda bréfið á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að vekja athygli á fjarnáminu (1. og 2. stig í þjálfaramenntun ÍSÍ) og hvetja sína þjálfara til þátttöku. ÍSÍ veitir þeim félögum og deildum sem eru fyrirmyndarfélög/deildir ÍSÍ 20% afslátt af námskeiðsgjöldum.

14. Staðan á vinnunefndum stjórnar ÍBH

Lagt fram til kynningar og umræðna. Allir stjórnarmenn eru virkir í vinnunefndum stjórnar og sinna störfum sínum þar af alúð og fagmennsku.

15. Önnur mál

- a). HM spurði VH um gang framkvæmda við knatthúsið Skessuna í Kaplakrika. VH lýsti gangi framkvæmda í stuttu máli fyrir fundarmönnum og tók m.a. fram að stefnt væri að því að taka knatthúsið Skessuna í notkun í október nk.
- b). SS spurði um stöðuna á ljósmyndakeppni sem ÍBH stefnir að, að fara af stað með. EÓ upplýsti að það væri ekki búið að senda neitt út í sambandi við hana, en að það stæði til á næstunni.
- c). EÓ óskaði eftir því við stjórn ÍBH að mega hefja vinnu við að gera Íþróttabandalag Hafnarfjarðar að fyrirmyndaríþróttahéraði ÍSÍ og var það samþykkt.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.